

Mál nr. 129/2017
M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar X.

Starfsmaður segist hafa runnið til og fengið slink á bakið 24.8.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-15.
2. Bréf V dags. 18.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.

Málsatvik.

M var að koma kössum með gosdrykkjum í verslun og hélt á þremur dósakössum þegar hann segist hafa runnið til þegar hann steig á plast. M telur að það hafi verið skilið eftir á gólfinu eftir starfsmenn verslunarinnar H. M segist hafa náð að bjarga sér frá falli en við það fengið slink á mjóbakið og slæman verk með verkleiðni niður í mjöðm. M leitaði til læknis daginn eftir og var óvinnufær í kjölfar ofangreinds atviks. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V og vísar til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M byggir á því að H beri ábyrgð á því tjóni sem hann varð fyrir með því að skilja eftir plast á gangvegi birgðaaðstöðu og hafi starfsfólk H vanrækt skyldur sínar varðandi það að gæta fyllsta öryggis á vinnustað. Þá telur M að ekki hafi verið gætt ákvæða reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Þá vísar M til reglu um nafnlaus mistök og dóms Hæstaréttar frá árinu 2003, sem birtur er í dómasafni á bls. 231.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að málskot M hafi ekki borist úrskurðarnefndinni innan árs frá því að M fékk skriflega tilkynningu frá V um að kröfu hans væri hafnað, en höfnun V hafi verið dagsett 7.4.2016 og því hafi fresturinn runnið út í lok dags. 6. 4.2017. Auk þess telur V að ekki sé um bótaskyldu að ræða og segir að engin starfsmaður H hafi vitað af þessum atburði fyrr en daginn eftir að tilvikið átti sér stað. Af hálfu V er á það bent að starfsfólk gosdrykkjaframleiðandans sem M vann hjá hendi iðulega plasti á gólfid meðan þeir vinni við áfyllingu eins og M var að gera í umrætt sinn. V vísar til þess að framburður vitnisins Guðna Þórs Guðnasonar hafi verið aflað eftir að afstaða V lá fyrir og hafi litla þýðingu við úrlausn málsins. V telur að ósannað sé að plastið sem M segist hafa runnið um sé komið frá starfsfólki verslunar H.

Álit.

Af 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 verður ekki annað ráðið en að vátryggður þurfi, innan eins árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans hafi verið hafnað, að skjóta máli til úrskurðarnefndar eða höfða mál, annars falli bótaréttur hans niður. Í þessu máli er um að ræða kröfu M sem tjónþola í ábyrgðartryggingu Haga hf. (X) sem er hinn vátryggði í vátryggingunni og á umræddur ársfrestur því ekki við um M.

Af hálfu M er ekki gerð nein tilraun til að afla upplýsinga um plastið sem byggt er á að hafi valdið því að M rann til eða sýna fram á að það stafi frá starfsfólki H. Engar upplýsingar liggja fyrir um þessi atriði í málinu og því ósannað að starfsfólki H verði um það kennt eða beri sök í málinu. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 30.5. 2017.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.